

Opinn fundur – punktar frá foreldrum í 10. bekk:

Skilaboð:

10.bekkar foreldrar sem ekki mættu á fundinn í gær eru sérstaklega beðnir um að kynna sér eftirfarandi:

Kæru vinir.

Takk fyrir góðan fund. Fyrir utan huggulegheit og góðar veitingar voru þrjú mál á dagskrá: Kveðjustund við skólaslit, minningabók og útskriftarferð.

Kveðjustund 10.bekkinga:

Ákveðið að hafa sama fyrirkomulag á kveðjustund eins og verið hefur undanfarin ár. Útskrift verður í Dómkirkjunni þriðjudaginn 9. júní kl. 16-17. Í beinu framhaldi af útskriftinni verður haldin kveðjuveisla í Tjarnarskóla kl. 17-18. Gert er ráð fyrir að allir 10.bekkingar, ásamt sínum nánustu (foreldrum, systkinum, öfum, ömmum), kennarar og starfsfólk skólans komi í veisluna eða allt að 100 manns.

Foreldrar/nemendur mæta með veitingar. Hægt verður að koma með veitingar fram að hádegi útskriftardags eða koma með þær um leið og veislan byrjar. Nokkrum dögum fyrir útskrift reynum við að samræma aðeins hvaða veitingar hver ætlar að koma með.

Mánudaginn 8. júní (frí í skólanum þennan dag), mæta nemendur ásamt skreytingarstjóra í skólann og undirbúa veisluna með því að raða upp borðum og skreyta. Skreytingastjóri er Dóra Vilhjálms, mamma Sigríðar Bjarkar. Dóra ætlar að sjá um að kaupa dúka, servíettur, diska, glös, blöðrur og það sem til þarf í góða veislu. Hún mun svo deila kostnaðinum á okkur hina foreldrana og rukka okkur.

Eins og í öllum góðum veislum þá verður bakgrunnstónlist og taka Sigurður Hákon og Sigríður Björk að sér að vera tónlistarstjórar.

Minningabók:

Allir nemendur skrifa u.þ.b. eina blaðsíðu um árin/árið sitt í Tjarnarskóla. Að auki á hvert barn að skrifa eitthvað fallett um bekkjarsystkini sín. Skólinn mun sjá um að taka þetta saman, taka mynd af nemendum og prenta út bók fyrir hvern nemanda.

Nemendur senda sitt innlegg á skrifstofuna eða tjarnarskoli@tjarnarskoli.is **Skiladagur er föstudagur 29.maí.**

Mikilvægt að við sem foreldrar pössum að unglíngarnir okkar sendi inn. Þau eiga eftir að hafa gaman að þessari minningabók í framtíðinni.

Útskriftarferð:

Skemmtilegar umræður voru um útskriftarferð og margar útfærslur ræddar. Nemendur tóku mjög virkan þátt í umræðunni.

Niðurstaðan var að bekkurinn kjósi um eftirfarandi:

1. Flatey að loknum prófum, dagana 6.-7. júní. Farið með strætó til Stykkishóms, ferjan til Flateyjar, gist í boði Önnu Sigrúnar og Jóns Þórs, Guðrúnar-foreldrum, og heim aftur daginn eftir.

2. Fara á próflokadag, föstudaginn 5. júní í skemmtigarð t.d. Gufunes eða adrenalíngarðurinn, og út að borða á eftir.

3. Út að borða á próflokadag.

4. Elda saman eða panta mat og gista hjá Júlíönnu á Seltjarnarnesi á próflokadag.

Aðrar dagsætningar koma til greina með lið 2-4.

Kosning um ofangreind atriði verður í skólanum í dag. Valið verður það sem flestir nemendur myndu sjá sér fært að mæta í.

Í dag eiga nemendur 54 þúsund í sjóði. Ákveðið að nauðsynlegt væri að bæta í sjóðinn og fara í fjáröflun með því að selja lakkrís. Nemendur fara tveir og tveir saman, ganga í hús og selja lakkrís daginn sem Eurovisionkeppnin er, laugardaginn 23.maí.

Við þurfum þá að gera þetta þannig að kaupa fullt af lakkrís á 500 kr. pokann og selja hann á 1.000 kr. Allir sammála að það verður mjög auðvelt að selja lakkrísinn þennan dag.

Anna María, Önnu Luciu mamma, ætlar að kaupa lakkrísinn og koma með hann í skólann eða við sækjum til hennar.

Upphaflega ákváðum við að nemendur myndu selja lakkrísinn fimmtudaginn 21. maí þegar Ísland verður í forkeppni Eurovision en sú dagsetning gengur ekki þar sem þann dag verður haldið upp á 30 ára afmæli Tjarnarskóla og er öllum boðið á fina skemmtun í Iðnó kl. 17 þann dag.

Meira ekki rætt og fundi slitið. Enda er þetta nú bara ansi gott.

Gaman væri að fá innlegg í umræðuna frá sem flestum foreldrum. Við getum svo auðveldlega gert eftirminnilegar stundir fyrir krakkanna áður en þau halda út í hinn stóra heim.

Kveðja,

María, Júlíönnu - mamma